

Mál nr. 117/2008

M og

Vátryggingafélagið V-1 v. A og

Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Tryggvabraut á Akureyri þ. 8.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 16.6.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 52/08.
3. Lögregluskýrsla dags.
4. Bréf V-1 dags. 30.6.2008
5. Bréf V-2 dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar segir að A hafi ekið fram úr en fyrir B er merkt að bifreiðinni hafi verið beygt til vinstri. Ökumaður A segist hafa ekið hægt upp Tryggvabraut og hafi B næstum stöðvað og hafi A þá ætlað að aka fram úr B en þá hafi B skyndilega beygt í veg fyrir A og segist ökumaður A ekki hafa séð að B gæfi stefnuljós. Ökumaður B kveðst hafa gefið stefnuljós áður en hann beygði. Fyrir liggur að hálfbrotin lína var á veginum þar sem A ætlaði að aka fram úr B.

Álit.

Ökumaður A hugðist aka fram úr B þar sem hálfbrotin lína er á veginum og bar því ökumanni að sýna aukna varkárni við framúraksturinn, en þess virðist ökumaður A ekki hafa gætt nægjanlega vel og ber hann því nokkra sök á árekstrinum. Ökumaður B beygir án þess að huga nægjanlega að umferð og ber hann því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að hvor aðili beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.